

Mánudaginn 4. maí 1992.

Nr. 321/1989. **Trausti Haraldsson,**  
**Kristján Árnason og**  
**Arnald Reykdal**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

**Gunnari Berg Gunnarssyni**

(Jón Magnússon hrl.).

Samningar. Uppgjör. Sönnun.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1989, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Eru dómkröfur þeirra þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 864.140 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 af 173.266 krónum til 1. janúar 1987 og af 864.140 krónum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. maí 1987 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjenda og að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur. Jafnframt verði sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

### I.

Mál þetta er sprottið af ágreiningi aðila um uppgjör vegna útgáfu upplýsingarits og símaskrár fyrir Akureyri árin 1985 og 1986. Svo sem rakið er í héraðsdómi, hófst samstarf árið 1983 milli áfrýjandans Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal annars vegar og stefnda hins vegar um útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri. Trausti og Sigurður voru sameigendur að prentsmiðjunni Petit sf. og höfðu gefið út slíkt rit árið 1982. Þessir þrír aðilar stóðu að útgáfu saman

árin 1983 og 1984. Stefndi hafði umsjón með útgáfunni, og er óumdeilt, að samkvæmt samkomulagi vegna útgáfunnar 1984 fékk hann 10% af brúttótekjum í þóknun og þriðjung hagnaðar af útgáfunni á móti þeim Trausta og Sigurði. Í apríl 1985 keyptu áfrýjendurnir Kristján Árnason og Arnald Reykdal hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., og jafnframt var það skilningur þeirra og Trausta, að þeir tækju yfir hlut Sigurðar í útgáfu upplýsingaritsins.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist lögmaður stefnda sýknu aðallega vegna aðildarskorts áfrýjenda samkvæmt 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Hefðu áfrýjendur í raun byggt málalítilbúnað sinn í upphafi á því, að prentsmiðjan Petit sf. hefði verið aðili að fyrrgreindri útgáfu, en ekki áfrýjendur persónulega. Þessari málsástæðu hafði ekki áður verið hreyft af hálfu stefnda. Málflutningur beggja aðila hefur frá upphafi málhöfðunar miðast við, að samstarf um útgáfuna hafi verið byggt á samkomulagi ofangreindra einstaklinga. Verður ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

## II.

Ljóst er af gögnum málsins, að engar beinar viðræður áttu sér stað milli áfrýjendanna Kristjáns Árnasonar og Arnalds Reykdal og stefnda um útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri 1985, en undirbúningur hennar mun hafa verið hafinn, er hinir fyrrnefndu gengu í félag með áfrýjanda Trausta í stað Sigurðar Vatnsdal. Fram er komið, að áfrýjendur stóðu að ýmiss konar vinnu vegna útgáfunnar. Einhverjar umræður áttu sér stað milli stefnda og Trausta um skiptingu hagnaðar af útgáfunni eftir brotthvarf Sigurðar Vatnsdal. Trausti hefur borið, að hann hafi hafnað tillögu stefnda um, að þeir tveir skiptu með sér hagnaði af útgáfunni. Í ódagsettu bráðabirgðauppgjöri, sem stefndi lagði fram eftir nokkrar umræður um þessi mál, gerði hann ráð fyrir, að hagnaði útgáfunnar yrði skipt í þrennt, og fengju Kristján og Arnald þriðjung í sinn hlut. Hins vegar ætlaði hann sér 30% þóknun fyrir umsjón og auglýsingasöfnun í stað 10% árið áður.

Telja verður með hliðsjón af framansögðu, að stefndi hafi viðurkennt, að samningur væri um útgáfuna 1985 milli sín og áfrýjenda í framhaldi fyrri samnings. Gegn mótmælum áfrýjenda hefur hann ekki fært sönnur á, að svo hafi um samist, að þóknun sín fyrir

umsjón útgáfunnar ætti að hækka í 30%. Verður því að miða við, að hann hafi átt að fá 10% af innkomnum tekjum, 114.830 krónur, en ágreiningslaust er, að tekjur námu samtals 1.148.300 krónum.

Í yfirliti um tekjur og gjöld, sem stefndi sendi skattyfirvöldum, er kostnaður vegna útgáfunnar 1985, að frátalinni þóknun hans sjálfs, talinn nema 281.899 krónum. Í kröfugerð sinni hafa áfrýjendur hins vegar aðeins viðurkennt kostnað, sem nemur samtals 226.071 krónu. Ekki þykja þeir hafa stutt útreikninga sína nægum rökum til að hnekkja framangreindu kostnaðaryfirliti stefnda, og verður það því lagt til grundvallar.

Samkvæmt framansögðu ber að gera útgáfu upplýsingaritsins fyrir 1985 upp sem hér segir:

Tekjur	kr. 1.148.300
Gjöld:	
Hluti stefnda af innkomnum tekjum	— 114.830
Annar kostnaður	— 281.899
	<hr/>
	kr. 396.729
Hagnaður	— 751.571
	<hr/>
	kr. 1.148.300
Hluti áfrýjenda í hagnaði,	
2/3 hlutar	— 501.047
Áður greitt af stefnda	— 373.000
Skuld stefnda við áfrýjendur	— 128.047

### III.

Áður en til útgáfu símaskrár fyrir Akureyri 1986 kom, höfðu aðilar átt í viðræðum vegna ágreinings um uppgjör útgáfunnar 1985, án þess að endanlegt samkomulag næðist. Ekki hefur verið sýnt fram á, að neinar sérstakar viðræður hafi átt sér stað milli aðilanna um tilhögun útgáfunnar 1986, og annaðist stefndi útgáfunna á eigin spýtur, án þess að áfrýjendur kæmu þar nærri. Að vísu hefur komið fram, að þeir hafi tekið við nokkrum auglýsingum, en stefndi nýtti þær ekki. Þegar þetta er virt, þykir verða að fallast á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að áfrýjendum hafi ekki tekist sönnun þess, að komist hafi á samningur milli þeirra og stefnda um útgáfuna. Verður stefndi því sýknaður af kröfum þeirra um útgáfuna 1986.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjendum 128.047 krónur vegna útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri 1985 með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Þá þykir rétt, að hann greiði þeim 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson, greiði áfrýjendum, Trausta Haraldssyni, Kristjáni Árnasyni og Arnald Reykdal, 128.047 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. maí 1987, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Stefndi greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 17. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Gísli Baldur Garðarsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 15. maí 1987 og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu 21. s. m., f. h. Trausta Haraldssonar, nnr. 8929-5076, Skarðshlíð 32 f, Kristjáns Árnasonar, nnr. 5839-2472, Lönguhlíð 22, og Arnalds Reykdal, nnr. 0446-5946, Ásvegi 13, allra búsettra á Akureyri, á hendur Gunnari Berg Gunnarssyni, nnr. 3356-1830, Skarðshlíð 2 g, Akureyri, til heimtu greiðslu á samningsbundnum ágóðahlut vegna útgáfustarfsemi auk vaxta og kostnaðar.

Með dómi 5. febrúar 1988 var máli þessu vísað frá ex officio, en þeim frávisunardómi var hrundið með dómi Hæstaréttar Íslands 28. júní 1988, þar sem frávisunardómurinn var úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 877.473 kr. ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1.6. 1986 af 173.266 kr. til 1.1. 1987 og af 877.473 kr. frá þ.d. til 1.3. 1987 og þá með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags, 21.5. 1987, og síðan með dráttarvöxtum skv. 14. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þ.d.

til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig er gerð krafa um vaxtavexti, þ.e., að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði með öllu sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefnendur segja málavexti þá, að á undanförunum árum hafi þeir og stefndi gefið út í félagi upplýsingarit um Akureyri. Rit þetta er símaskrá fyrir Akureyri með ýmsum þjónustuauglýsingum. Samstarfið hafi borið að með þeim hætti, að árið 1983 hafi stefndi verið ráðinn til að starfa við útgáfuna gegn greiðslu launa. Að útgáfunni hafi þá staðið Sigurður Vatnsdal og Trausti Haraldsson, þáverandi eigendur prentsmiðjunnar Petit. Árið eftir, þ.e. 1984, hafi þeir Sigurður og Trausti boðið stefnda að gerast aðili að útgáfunni. Ekki hafi verið gerður skriflegur félagssamningur, en um samið, að hver þessara þriggja skyldi fá í sinn hlut þriðjung af hagnaði. Stefndi skyldi annast framkvæmdastjórn fyrirtækisins, sjá um auglýsingasöfnun, innheimtu og tilboðsöflun. Fyrir þau störf skyldi stefndi fá 10% af brúttótekjum fyrirtækisins. Í apríl 1985 hafi Sigurður Vatnsdal selt þeim stefnendum Arnald Reykdal og Kristjáni Árnasyni sinn hlut í prentsmiðjunni Petit. Hlutur Sigurðar í útgáfunni fylgdi þá með í kaupunum.

Árið 1985 hafi gengið í gildi reglugerð um útgáfu á símaskrá, er gerði að skilyrði leyfisveitingu frá ráðuneyti. Sótt hafi verið um leyfi, og hafi það verið skráð á nafn stefnda. Það ár hafi útgáfan verið með venjubundnum hætti. Þegar til uppgjörs kom í maí 1986 hafi hins vegar kveðið við nokkuð breyttan tón. Stefndi hafi þá hækkað laun sín einhliða úr 10% af brúttótekjum í 30%. Hafi staðið í nokkru stappi um þessa ráðstöfun og m.a. verið uppi sú hugmynd að jafna ágreininginn með því að fela prentsmiðju stefnenda, Petit, að prenta upplýsingaritið 1986 á nokkru hærra verði en tilboð hafi fengist um. Unnið hafi verið með venjulegum hætti að undirbúningi þeirrar útgáfu, þ.e.a.s. 1986, og hafi stefnendur m.a. tekið við auglýsingum, veitt upplýsingar og prentað pöntunarseðla fyrir þetta rit. Hafi það því komið stefnendum í opna skjöldu, er þeir fréttu, að ritið væri komið út og stefndi lýsti yfir, að hann hefði staðið einn að útgáfunni. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós, að stefndi hafði ekki notað þær auglýsingar, sem stefnendur höfðu tekið við, en á hinn bóginn hafi verið í ritinu fjölmargar auglýsingar frá aðilum, sem fengið höfðu upplýsingar hjá stefnendum um verð, útgáfutíma o.fl.

Segja stefnendur dómkröfu í máli þessu tvíþætta. Annars vegar sé um að ræða skuld vegna útgáfu upplýsingarits um Akureyri 1985, 173.266 kr. Byggist sú krafa á bráðabirgðauppgjöri stefnda, þar sem hann hafi með

ólögmætum hætti tekið ákvörðun um að auka sinn hlut á kostnað stefnenda, sem þessari fjárhæð nemi. Í stað umsamins 10% hlutar hafi stefndi tekið 30% af óskiptu. Jafnframt setji stefndi upp kostnaðarlið: „Ýmis kostnaður o.fl.“ 72.000 kr., sem stefnendur telja tilbúning. Í hlut stefnenda hefðu átt að koma samtals 546.266 kr., en stefndi hafi einungis greitt 373.000 kr. skv. uppgjörsblaði og skuldi því 173.266 kr.

Hins vegar sé um að ræða útreikning stefnenda á tekjum og gjöldum vegna ritsins 1986, sem byggður sé á nú framlögðum rekstrarreikningi stefnda vegna ársins 1986 vegna ritsins, er bar þá heitið Símaskrá fyrir Akureyri, og sundurliða stefnendur kröfur sínar þannig: Heildartekjur 1.501.500 kr. og gjöld til frádráttar, pappír og prent 236.850 kr., dreifing 25.000 kr., reikningsleg aðstoð 7.700 kr., ritföng 357 kr., auglýsingar 632 kr., afskrifaðar kröfur 24.500 kr., auglýsingasöfnun og stjórnun 150.150 kr. eða útlagður kostnaður alls 445.189 kr. Hlutur stefnda, Gunnars Berg, af heildartekjum 352.104 kr. og skuld stefnda vegna útgáfunnar 1986 því 704.207 kr., eða krafan alls 877.473 kr.

Málsástæður stefnenda eru þær, að þeir og stefndi hafi haft með sér óformlegt félag um útgáfu upplýsingarits á Akureyri hverju sinni, þegar ný símaskrá var út gefin af Póst- og símamálastofnun. Málshöfðunin er reist á því, að í gildi hafi verið samningur milli aðila. Með því að taka í sinn hlut meira en stefnda bar af tekjum vegna útgáfu upplýsingarits 1985 hafi stefndi brotið samning um tekjuskiptingu, sem í gildi var milli stefnenda og stefnda.

Þótt deilt hafi verið um ágóðahlut stefnda, hafi ekki verið rætt um neinar breytingar á útgáfunni, sem þá var unnið að, þ.e. símaskrá fyrir Akureyri 1986. Einungis var rætt um, hvort auka ætti ágóðahlut stefnda og semja við prentsmiðju stefnenda um að vinna prentverk á verði, sem væri talsvert hærra en tilboð það var, sem þá hafði verið aflað frá Dagsprenti hf. Þegar ritið var komið út, gerði stefndi stefnendum ljóst, að hann ætlaði sé einn að hirða ágóðann af útgáfunni. Með þessu hafi stefndi brotið samninginn við stefnendur. Á því er byggt, að stefndi hafi með sviksamlegum hætti komist yfir hagnað af útgáfu símaskrárinnar.

Stefnda hafi verið falið að sækja um leyfi til að gefa út símaskrá fyrir Akureyri fyrir útgáfufélagið. Án vitundar stefnenda hafi stefndi sótt um leyfi í eigin nafni og fengið það fyrst 29. apríl 1985 og síðar 10. janúar 1986. Báðar leyfisveitingarnar hafi í raun verið til þeirrar útgáfu, sem stefnendur og stefndi stóðu saman að.

Verði ekki litið svo, á að samningur hafi verið í gildi, er símaskráin 1986 var gefin út, er á því byggt, að stefnendur eigi rétt á efndabótum, er svári til tapaðs ágóðahlutar.

Lagarök fyrir kröfum sínum reisa stefnendur umfram allt á réttarreglum

um gildi loforða og samninga, sbr. lög nr. 7/1936. Enn fremur er byggt á meginreglum skaðabótaréttarins.

Stefndi kveður málavexti þá, að árið 1983 hafi hann komið til Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal og skýrt þeim frá því, að hann hefði í hyggju að hefja útgáfu á símaskrá fyrir Akureyri, þar sem stefndi hafði heyrt, að Trausti og Sigurður hygðust ekki gefa út slíka skrá að nýju, en þeir höfðu gefið hana út árið 1982. Eftir nokkrar umræður hafi það orðið úr, að þeir þrír myndu standa saman að útgáfunni árið 1983. Hafi stefndi séð um þá útgáfu og fengið fyrir það þóknun. Árið 1984 hafi fyrirkomulag verið óbreytt. Árið 1985 hafi Sigurður Vatnsdal hætt samstarfi við Trausta Haraldsson. Hafi stefndi og Trausti ræðst þá við um útgáfu á símaskrá, og hafi það verið vilji stefnda, að hann og Trausti stæðu tveir að útgáfunni. Ekki hafi verið gengið frá neinu sérstöku samkomulagi.

Er til uppgjors kom vegna útgáfunnar 1985, hafi Trausti og þeir, sem keypt höfðu hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., þeir stefnendur Kristján og Arnald, gert kröfu um, að ágóðahlut yrði skipt í þrennt. Endaði það með því, að stefndi hefði fallist á það.

Árið 1986 hafi stefndi ákveðið að eiga ekki frekara samstarf við aðra. Þessu til sérstakrar áréttingar hafi hann kallað útgáfuna nú Símaskrá fyrir Akureyri, en á meðan samstarf var um útgáfuna, var nafnið Upplýsingarit um Akureyri. Hafi stefnendur ekki komið nálægt útgáfunni 1986, hvorki auglýsingasöfnun né öðru. Hafi stefndi séð að öllu leyti um útgáfuna 1985 og dvalist m.a. í Reykjavík í þrjár vikur við auglýsingasöfnun.

Stefndi vísar því eindregið á bug, að óformlegt félag hafi verið um útgáfuna og í gildi hafi verið samningur um útgáfuna, sem leitt geti til kröfugerðar vegna útgáfunnar 1986. Í fyrsta lagi hafi stefnendum verið það ljóst, að stefndi ætlaði að standa einn að útgáfunni, og til að leggja á það áherslu hafi ritið heitið öðru nafni en áður hafði verið. Hafi stefnendur ekki heldur komið nálægt þeirri útgáfu á nokkurn hátt. Þá hafi stefndi haft persónulegt leyfi samgönguráðuneytis til útgáfunnar það ár. Kröfugerð stefnenda vegna útgáfu stefnda 1986 vísar hann því á bug sem tilhæfulausri.

Um uppgjör útgáfunnar 1985 telur stefndi heldur ósmekklega að sér vegið. Í fyrsta lagi beri það að nefna, að vinna stefnda við þá útgáfu hafi verið mun meiri en áður, og hafi stefnendur nánast ekki komið nærri þeirri útgáfu. Svo sem áður er nefnt, hafi hann m.a. dvalist í Reykjavík í þrjár vikur við auglýsingasöfnun. Stefndi lagði fram dómsskjal nr. 19, þ.e. uppgjör vegna útgáfunnar 1985, er hafi verið sent skattyfirvöldum, og skoraði í greinargerð sinni á stefnendur að leggja fram, hvaða upplýsingar þeir hafi gefið skattyfirvöldum um tekjur sínar af þeirri útgáfu. Hafi stefndi engar athugasemdir fengið frá skattyfirvöldum, sem bendi til þess, að stefnendur hafi sjálfir gefið skattyfirvöldum sömu upplýsingar. Þegar af þeirri

ástæðu megi ljóst vera, að stefnendur hafi samþykkt þetta uppgjör. Hafi stefnendur talið, að uppgjörið væri rangt og þeim bæri hærrí ágóðahlutur, hlutu þeir að hafa gefið skattyfirvöldum þær upplýsingar.

Stefnendur byggja kröfu sína tölulega þannig, eins og fram kemur í greinargerð á dskj. nr. 2:

*Upplýsingarit 1985.*

Heildartekjur	kr.	1.148.300	
Gjöld:			
Dreifing	”	20.000	
Prentun	”	181.345	
Auglýsingar	”	5.526	
Skattframtal	”	7.200	
Auglýsingasöfnun og stjórnun	”	114.830	
Hagnaður	”	819.399	
Hlutur stefnenda 2/3	kr.		546.266
Þegar greitt skv. bráðabirgðauppgjör	”		373.000
Skuld	”		173.266

Vegna símaskrár fyrir Akureyri 1986 skv. dskj. nr. 22, þannig:

*Símaskrá 1986.*

Heildartekjur	kr.	1.501.500	
Gjöld:			
Pappír og prentun	”	236.850	
Dreifing	”	25.000	
Reikningsleg aðstoð	”	7.700	
Ritföng	”	357	
Auglýsingar	”	632	
Afskrifaðar kröfur	”	24.500	
Auglýsingasöfnun og stjórnun	”	150.150	
eða útlagður kostnaður	kr.		445.189
Hlutur stefnda Gunnars Berg	”		352.104
Skuld v/útgáfunnar 1986	”		704.207

Á dskj. nr. 3 liggur fyrir bráðabirgðauppgjör vegna upplýsingarits 1985, ódags., og eru þar sömu tölur færðar til tekna og gjalda, allt þar til búið er að tíunda kostnað við skattframtal, en þá er fært til gjalda í bráðabirgðauppgjörinu ýmis kostnaður, ferðalög, sendingarkostnaður o.fl., um 72.000 kr., auglýsingasöfnun 25%, 287.075 kr., fjármálaumsjón og útgáfustjórn 5%, 57.415 kr. eða til gjalda alls fært kr. 630.561 kr., og hagnaður 517.739 kr., ágóði G. Berg 172.579 kr., Trausti 172.580 kr., K. Árn. 172.580 kr.

eða alls 517.739 kr., og við uppgjör ágóðans á þessu bráðabirgðauppgjöri er Petit talið hafa greitt 373.000 kr., ágóðahlutur 345.160 kr., eða ofgreitt um 27.840 kr.

Dskj. nr. 19, þ.e. uppgjör það, er stefndi kveðst hafa sent skattyfirvöldum vegna útgáfunnar 1985, en ber yfirskriftina Yfirlit vegna útgáfu 1985, er samhljóða því, sem hér hefur verið áður rakið með tekjur og samhljóða, gjalda megin, prentkostnaður, dreifing og auglýsingar. Síðan er tíundað til gjalda ritföng 1.949 kr., ferðakostnaður 15.160 kr., þátttaka í rekstri bifreiðar 19.594 kr., vextir 38.325 kr., auglýsingasöfnun/innheimta G. Berg 287.075 kr., umsjón G. Berg 57.940 kr. eða alls gjaldfært 626.914 kr. Hlutdeild G. Berg 173.795 kr., hlutdeild Petit 173.796 kr., hlutdeild Trausta Haraldssonar 173.795 kr. Dómskjal nr. 19 er óundirritað.

Á rekstrarreikningi 1986, dskj. nr. 21, hefur stefndi talið rekstrartekjur og auglýsingatekjur 1.501.500 kr. og rekstrargjöld samtals 1.497.910 kr., sem sundurliðast þannig: Laun og launatengd gjöld 990.122 kr., ýmis rekstrargjöld 488.207 kr., aðstöðugjald 9.836 kr., vaxtagjöld 9.745 kr. og hagnaður ársins 3.590 kr. Í sundurliðun á kröfu sinni vegna 1986 taka stefnendur tekju megin framtaldar auglýsingatekjur óbreyttar, en gjalda megin sleppa þeir algjörlega liðnum laun og launatengd gjöld, aðstöðugjald og vaxtagjöld, og undir liðnum ýmis rekstrargjöld taka þeir til frádráttar sömu fjárhæðir og stefndi fyrir pappír og prentun, dreifingu, reikningslega aðstoð, ritföng, flutningsgjöld og afskrifaðar kröfur, en færa að auki til gjalda auglýsingasöfnun og stjórnun 150.150 kr., sem stefndi hefur ekki gjaldfært. Undir þessum rekstrarlið hefur stefndi gjaldfært þátttöku í rekstri bifreiðar 107.400 kr., auglýsingar 1.593 kr. og ferðakostnað 84.175 kr., sem stefnendur sleppa í sínu uppgjöri, og svo sem áður greinir, nema ýmis rekstrargjöld stefnda samtals 488.207 kr., en skv. útreikningum stefnenda 445.189 kr.

Stefnandi Trausti Axels Haraldsson prentari kom hér fyrir dóminn og kvað málavexti, eins og hér að framan eru raktir í stefnu, vera rétta. Hann sagði, að árið 1983 hefði stefnda aðeins verið greidd þóknun fyrir að vera ábyrgðarmaður, en árið 1984 hefði stefndi gerst aðili að útgáfunni gegn  $\frac{1}{3}$  hlut. Hann upplýsti, að bráðabirgðauppgjörið fyrir árið 1985 hefði borist þeim í maí 1986. Hann upplýsti, að stefndi hefði séð um að sækja um leyfi til útgáfu símaskrárinnar fyrir árin 1985 og 1986. Hafi stefnendur annast prentun kápu- og auglýsingablaða og tekið á móti auglýsingum, annast prentun á reikningum og bókbandsvinnu, en stefndi hafi séð algerlega um fjármálin, og hafi þeir lagt það fé, er inn kom, á ávísana-reikning í Alþýðubankanum hf. á Akureyri á nafn stefnda. Hann upplýsti, að árið 1983 hefði prentsmiðjan Petit gefið út símaskrána og að stefndi hefði greitt þeim 383.000 kr. vegna 1985, er bráðabirgðauppgjörið lá fyrir.

Hann upplýsti, að þeim hefði verið kunnugt um, að stefndi hefði samið við mann í Reykjavík um auglýsingasöfnun gegn 25% þóknun, og hefðu þeir samþykkt það, og hefðu það verið um 80.000 kr. brúttó, er auglýsingum var safnað fyrir í Reykjavík. Hann kvað þá stefnendur ekki hafa komið nálægt bókhaldi útgáfunnar, heldur hefði það verið í verkahring stefnda að sjá um bókhald og fjármál. Hann upplýsti, að sér hefði ekki verið kunnugt um, að leyfi til útgáfu símaskrárinnar hefði verið á nafn stefnda, heldur hefði hann staðið í þeirri trú, að það hefði verið til handa Upplýsingariti um Akureyri, og hefði hann ekki fengið vitneskju um þetta fyrr en í maí 1986, en Björn Dagbjartsson alþingismaður hefði gengið í málið 1985 og 1986 til að fá leyfið. Hann sagði, að tekjur vegna útgáfunnar hefðu verið færðar til tekna hjá Petit sf., en gat ekki gefið upp, hvernig tekjufærslum vegna þessa hefði verið hagað hjá fyrirtækinu tekjuárin 1985 og 1986, en þessar tekjur hefði hann ekki fært sérstaklega sér til tekna, heldur þegið laun hjá Petit sf. Hann upplýsti, að þeir stefnendur hefðu ekki veitt auglýsendum neinn afslátt á þeim auglýsingum, er þeir pöntuðu hjá þeim árið 1985. Hann upplýsti, að Petit sf. hefði fengið greitt sérstaklega fyrir bókbandsvinnu vegna útgáfunnar árin 1984 og 1985 svo og prentun kápu og prentun á auglýsingapöntunarseðlum og reikningsformum.

Stefnandi Arnald Reykdal, eigandi Petit sf. að  $\frac{1}{3}$  hluta, kom hér fyrir dóm og bar, að 3. apríl 1985 hefði hann keypt  $\frac{1}{3}$  hluta í Petit sf., og hefði fylgt með í kaupunum hlutur sameignarfélagssins í Upplýsingaritinu um Akureyri. Byrjað hefði verið á þessu verki, þ.e. að safna auglýsingum, og búið að prenta auglýsingaseðla og engir hnökrar á fyrr en við uppgjör. Þá hefði stefndi viljað meina, að þeir hefðu aðeins verið tveir í þessu, þ.e. hann og Trausti, en dregið þetta til baka og skipt í þrjá hluta með 10% þóknun fyrir sína vinnu og  $\frac{1}{3}$  ágóðahlut. Hann upplýsti, að vinnan við útgáfuna 1986 hefði verið, að prentuð hefðu verið pöntunarblöð fyrir auglýsingar, tekið á móti auglýsingum, sem aldrei komu í blaðinu, og 1985 hefði verið tekið á móti auglýsingum, prentuð pöntunarblöð og prentuð kápa og innheimta í fjarveru stefnda um þriggja til fjögurra vikna tíma á þeirra hlut, þ.e. það, sem þeir hefðu fengið, lagt inn á ávísanareikning, sem Upplýsingaritið átti í Alþýðubankanum, og stefndi hefði skilið eftir ávísanir, svo að þeir gætu fengið af því, sem inn kom. Hann taldi, að fast-ákveðið hefði verið milli stefnenda og stefnda að skipta í þrjá hluta og stefndi fengi 10% þóknun, og þetta hafi komið fram í viðræðum við Sigurð Vatnsdal, er þeir keyptu hans hluta í fyrirtækinu. Hann upplýsti, að hann annaðist fjáreiður Petit sf. Hann kvað allt, sem inn kom fyrir útgáfuna, hafa gengið beint til félagsins, en kveðst ekki vera með þær fjárhæðir á hreinu og upplýsir, að engar tekjur hafi verið taldar vegna útgáfunnar 1986. Hann upplýsti, að manni í Reykjavík hefði verið greidd 10% eða vel gæti

verið 25% þóknun vegna auglýsingasöfnunar þar. Hefði reikningur verið sendur stefnda fyrir þeirra hlut 1986 ásamt prentkostnaði við það blað.

Stefnandi Kristján Árnason prentari bar hér fyrir dóminum, að hann hefði ekki vitað annað en þeir yrðu með í útgáfunni 1986, fyrr en síma-skráin kom út. Þeirra þáttur hefði verið að taka á móti auglýsingum ásamt stefnda fyrir 1985 og einnig 1986. Ágreiningur hefði orðið vegna útgáfunnar 1985 vegna uppgjors, þar sem stefndi vildi skipta til helminga. Síðan hefði komið nýtt uppgjör og þeir gert athugasemdir við ýmsan kostnað í Reykjavík, 72.000 kr., og aukna hlutdeild, þ.e. þóknun stefnda úr 10% í 30%. Hann taldi vinnutíma stefnda hafa verið um 2 - 2½ mánuð, og aðspurður, hver hlutur stefnenda hefði verið umfram að prenta kápu, hefta blaðið og skera það og prenta reikningsform og pöntunarform fyrir auglýsingar, kvaðst hann eiga bágð með að svara því, þar sem hann hefði verið ákaflega lítið inni í peningamálunum og þar af leiðandi ekki vitað, hvernig það hefði farið fram. Hann kvaðst ekki geta metið vinnuframlag þeirra við móttöku auglýsinga.

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson prentari, bar hér fyrir dóminum, að árið 1984 hefði hann ásamt Sigurði Vatnsdal og Tausta Haraldssyni gefið út upplýsingarit fyrir Akureyri, en 1985 hefðu orðið uppskipti í sameignarfélaginu Petit, og taldi, að svo hefði talast til milli sín og Trausta, að þeir gæfu út tveir saman og skiptu tekjunum að frádregnum kostnaði til helminga. Hefði hann einn séð um útgáfuna og Trausti ekkert unnið að henni, en stefndi hefði séð um auglýsingasöfnun, sótt um leyfi á sig persónulega til útgáfunnar og skráin prentuð hjá Dagsprenti hf., en öll bókbandsvinna unnin hjá Petit sf., og hefði sá kostnaður allur verið greiddur af óskiptu. Seinni hluta 1985, er hann ætlaði að fara að gera upp við Trausta, hefði komið krafa frá þeim, sem keyptu af Sigurði Vatnsdal, að þeir væru aðilar að 1/3 að útgáfunni, og hefði um þetta verið þráttað nokkuð lengi og hann að lokum fallist á þetta, hafandi aflað sér upplýsinga frá útgefendum og auglýsingastofum í Reykjavík, hver væri eðlileg þóknun fyrir umsjón, útgáfu og auglýsingasöfnun, og hefði skipt hagnaði, hafandi tekið sinn hlut skv. þessu. Um þetta hefði verið þráttað þó nokkra mánuði milli aðila, og við þetta uppgjör hefði hann viljað standa, enda þótt hann hefði greitt þeim 25.000 til 30.000 kr. umfram það, sem þeim bar skv. uppgjörinu. Hefðu þeir rætt um þetta með nokkru millibili fram að áramótum 1986, og hefði hann þá sótt um leyfi til útgáfunnar að nýju 1986 og fengið, og er sér þótti sýnt, að ekki næðist samkomulag um önnur skipti en þau, sem verið höfðu 1984, hefði hann tjáð þeim, að best væri, að þeir gæfu út sína símaskrá og hann sína, og þar með hefði hann talið, að þeir hefðu hans orð fyrir því, að hann ætlaði að gefa þetta einn út, enda með leyfi til þess persónulega, og taldi, að ekki hefði stofnast til neins félags

um þessa útgáfu fyrr, það hefði engin regla verið á þessari útgáfu, heldur ákveðið frá ári til árs, hvernig haga skyldi útgáfunni.

Árið 1985 hefði hann talið, að auglýsingamarkaður væri í Reykjavík, og dvalist þar á hóteli þrjár vikur, en ferðin staðið undir sér og hann orðið fyrir útlögðum kostnaði. Stefnendur hefðu innheimt örlítinn hluta í fjarveru sinni, greiðslur vegna auglýsinga, þar sem þeir töldu sig vera peninga þurfi, og einnig annast prentun kápu og bókband. Hefði hann greitt þeim fyrir þetta. Hann upplýsti, að 1983 hefði hann fengið 10% af auglýsingatekjum fyrir að vera ábyrgðarmaður og ekki komið nálægt að öðru leyti, en þá hefðu þeir Trausti og Sigurður gefið út og hann, þ.e.a.s. stefndi, m.a. fengið á sig sakadómkæru. Árið 1984 hefði verið komið langt fram í júní og ekkert örlað á auglýsingasöfnun eða neinni starfsemi, og hefði hann þá ákveðið að gefa út símaskrá og haft samband við Trausta og Sigurð og þá orðið að samkomulagi, að þeir gæfu hana út þrír gegn því, að stefndi sæi um auglýsingasöfnun og umsjón alla, en hann hefði sett það skilyrði, að ritið yrði ekki prentað hjá þeim, því að miðað við fyrri reynslu hefði hann ekki treyst þeim til þess, og þetta orðið að samkomulagi og hver fengið  $\frac{1}{3}$  af nettóhagnaði og hann 10% fyrir umsjón. Við útgáfuna 1986 hefðu stefnendur prentað auglýsingabeidnaseðla, og e.t.v. hefðu þeir mótttekið einhverjar auglýsingar í þeirri trú, að hann myndi standa að útgáfu með þeim, en hann engar auglýsingar nýtt, er þeir söfnuðu, og þeir engar auglýsingar afhent sér. Hann kveðst hafa verið krafinn um prentun fyrir auglýsingapantanir, en ekki greitt, þar sem hann hafi talið siga eiga milli 25-30.000 krónur inni hjá þeim skv. uppgjörinu frá 1985. Um útgáfuna 1985 hafi enginn samningur verið gerður í raun og veru frekar en 1984. Hafi hann tjáð þeim, að hann ætlaði sér að gefa út símaskrá 1985, og fundist rétt að tala við og samið við Trausta um, að þeir gæfu þetta tveir út og skiptu til helminga og hann fengi 10% fyrir umsjón. En þegar hafi átt að koma inn nýjum þriðja aðila, hafi hann ekki talið neinn samning lengur í gildi milli sín og Trausta, og þá hafi hann leitað upplýsinga, hvernig almennur launamarkaður væri á þessu sviði, en kvaðst ekki hafa rætt við Arnald og Kristján, því að hann hefði ekkert við þá samið í upphafi, en það hefði komið fyrst til tals um áramótin að skipta í þrennt.

Við sampröfun stefnda og Trausta lýsti Trausti yfir, að aldrei hefði verið gerður samningur um helmingaskipti, stefndi hefði orðað helmingaskipti, en hann neitað með öllu, bæði vegna breytinga á eignaraðild í fyrirtækinu Petit sf. og útgáfan væri metin inn í sölnu á fyrirtækinu, svo að ekki kæmi til af sinni hálfu að skipta til helminga. Hefðu þessar viðræður verið í mars 1985, rétt áður en ljóst var, að Sigurður Vatnsdal seldi sinn eignarhlut í fyrirtækinu Petit sf. Stefndi hélt fast við fyrri framburð sinn um helmingaskipti milli sín og Trausta og kvað sér finnast fráleitt, að hægt

væri að selja rétt til útgáfu símaskrár, sem sækja þyrfti um leyfi til frá ári til árs, og hafnaði því algerlega, að Trausti hefði neitað þessu. Þarna hefði komist á einhvers konar samningur þeirra á milli um að gefa út skrána þetta árið saman tveir og síðan orðið breyting á þessu, er hann kom með fyrsta bráðabirgðauppgjör og skipt til helminga og hann reiknað sér 10% af óskiptu og þá fyrst heyrt á það minnst að skipta í þrennt. Trausti taldi, að stefnda hefði verið ljóst strax frá upphafi, að þeir kæmu í stað Sigurðar, meðstefnendur Kristján og Arnald. Trausti sagðist aldrei hafa séð leyfi fyrir útgáfu símaskrárinnar, heldur hefði stefndi alltaf sagt, að þeir væru búnir að fá leyfi, en stefndi segir, að hann hafi borið það undir Trausta og Sigurð Vatnsdal, áður en hann sótti um leyfið 1985.

#### *Álit dómsins.*

Það er álit dómsins á útgáfu upplýsingarits um Akureyri 1985, að sannað sé, að óformlegt félag hafi verið milli stefnda, Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal um útgáfu upplýsingaritsins og ágóða af því. En með brýnni neitun stefnda, er stefnendur Arnald Reykdal og Kristján Árnason keyptu hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., verður að telja, að sá félagsskapur hafi verið úr sögunni með tilheyrandi skiptingu hagnaðar og að stefnendur hafi ekki fært sönnur á önnur skipti en stefndi gerði. Um útgáfu símaskrárinnar 1986, er stefndi gaf út, telur dómurinn, að stefnendum hafi ekki tekist að sanna gegn neitun stefnda, að þeir hafi verið í einhvers konar félagsskap við hann. Þá hefur stefnendum ekki tekist að hnekkja tölulega þeim uppgjörum, er stefndi skilaði skattyfirvöldum á dskj. nr. 19 og 21. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af fjárkröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Trausta Haraldssonar, Kristjáns Árnasonar og Arnalds Reykdal.

Málskostnaður fellur niður.